

Harpa - Tónlistar- og ráðstefnuhús



Tónlistar og ráðstefnuhúsið Harpa er um 30.000 m² að stærð og er eitt af kennileitum Reykjavíkur. Í Hörpu eru fjórir tónlistar og ráðstefnusalir. Stærstur salanna er Eldborg sem tekur 1.800 manns í sæti. Ráðstefnusalurinn Silfurberg tekur 750 manns í sæti en salnum er hægt að skipta upp í tvö rými. Í Norðurljósum eru sæti fyrir 450 áheyrendur og Kaldalón tekur um 200 manns í sæti. Í sölnum má finna fullkomnasta hljómflutningsbúnað í heiminum í dag.

Glerhjúpur Hörpunnar er um 12.000 m² og samanstendur af 9.300 rúðum. Byggingin hýsir Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslensku óperuna ásamt því að vera ráðstefnuhús á heimsælikvarða.

Verkkaupi

Portus

Hönnun Glerhjúps

Henning Larsen Architects
Olafur Eliasson

Upphaf framkvæmda

2006

Hönnuna stýring

ÍAV

Verkfræðileg hönnun

Mannvit, Rambøll

Arkitektar

Henning Larsen Architects
Batterið

Hljóðvist

Artec

Lok framkvæmda

2011

Byggingastjórn

ÍAV

Framkvæmdaefirlit

Efla

